



Dagsetning: 16. júní 2022
Málsnúmer: 2206071/0.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Frá starfshópi um framtíð Íslenska Stríðsárasafnsins

Síðastliðið haust var skipaður starfshópur sem var falið að móta framtíðarsýn fyrir Stríðsárasafnið á Reyðarfirði í kjölfar kaupa á miklu magni nýrra safnmuna úr einkasafni Hinriks Steinssonar. Ljóst var að umfang munanna kallaði á gagngera endurskoðun á safninu og nýja framtíðarsýn á starfsemi þess. Í hópinn voru upphaflega skipaðir tveir pólitískir fulltrúar, Ragnar Sigurðsson og Magni Harðarson (formaður hósins), en fljótlega var ákveðið að formaður bæjarráðs, Sigurður Ólafsson, tæki einnig sæti í hópnum.

Í hópnum sátu þrír starfsmenn: forstöðumaður safnastofnunar, atvinnu- og þróunarstjóri og sviðsstjóri framkvæmdasviðs. Skiladagar á vinnu hósins voru tvíframlengdir og er sá síðari nú liðinn. Á vormánuðum baðst Magni Harðarson lausnar og tók Sigurður Ólafsson þá við formennsku og Birta Sæmundsdóttir tók sæti í hópnum. Ljóst er að hópurinn getur ekki skilað jafn ítarlegri vinnu og að var stefnt úr því sem komið er, en þó hefur vinnan verið mjög gagnleg og talsverðu magni gagna hefur verið safnað. Helstu niðurstöður hósins eru þessar:

- Ljóst er að hið mikla magn gripa sem nú mun bætast við safnið kemst ekki fyrir í núverandi húsakynnum. Bæta þarf verulegu rými við safnið til að gripirnir komst fyrir og hægt sé að hafa þá til sýnis.
- Frumúttekt á núverandi húsnæði hefur leitt í ljós verulega þörf fyrir viðhald og endurbætur, auk þess sem flókið væri að uppfylla nútímakröfur um aðgengi fyrir fatlaða og vandséð hvernig leysa ætti bílastæðamál.
- Það er því ljóst að ráðast þyrfti í verulegar fjárfestingar á núverandi safnasvæði ef byggja ætti safnið upp þar og er kostnaður metinn á a.m.k. 100 milljónir króna, en teljast verður líklegt að raunkostnaður yrði mun hærri í ljósi hækkandi verðs á byggingarefnum.
- Af þessum sökum leggur hópurinn til að skoðaður verði til hlítar sá möguleiki að horft verði til þess að kaupa nýtt og stærra húsnæði í miðbæ Reyðarfjarðar og byggja þar upp nýtt safn. Skoðað hefur verið heppilegt húsnæði sem er til sölu og benda fyrstu þreifingar til þess að það geti fengist fyrir ásættanlegt verð. Nýta mætti uppbyggingu safnsins sem lyftistöng fyrir miðbæinn á Reyðarfirði, sem ekki er vanþörf á, en margir spennandi möguleikar koma til greina í því tilliti.
- Með því að byggja safnið upp frá grunni í stærra og betra húsnæði myndu möguleikar á því að safnið hlyti viðurkenningu og ábyrgðarhlutverk skv. safnalögum aukast stórlega og gæti því verið tækifæri til að fá fjármagn frá ríkinu í rekstur safnsins sem yrði þá fremsta stríðsminjasafn landsins.



- Hópurinn leggur til að kannaðir verði möguleikar á því að núverandi húsnæði safnsins fái að standa áfram og að skoðað verði hvort það yrði með einhverjum hætti hluti af safninu eða hvort finna mætti því nýtt hlutverk.

Umræða starfshópsins:

- Starfshópurinn ræddi mikið um vankanta og áhyggjur af núverandi staðsetningu safnsins og húsnæði. Þeir þættir sem valda hvað helst áhyggjum eru skortur á rými m.t.t. umfangs nýrra safnmuna, slæmt aðgengi m.t.t. hópferðabifreiða, áhyggjur varðandi umferð um skólalóð við Heiðarveg og íbúðahverfi með væntanlegri aukningu rútuþópa og safngesta til framtíðar. Þá var einnig rætt að óhentugt væri að vera með safnið í mörgum einingum þar sem það myndi skapa aukinn rekstrar- og starfsmannakostnað. Umhverfi safnsins skartar fallettri náttúru þar sem fólki gefst kostur á fjölbreyttum gönguleiðum. Stendur til að fara í hönnunarferli varðandi aðstöðu við Búðarárfoss sem kemur til með að styrkja fjölbreytileika Reyðarfjarðar sem áningarstaðar. Gönguleiðin upp frá miðbæ Reyðarfjarðar upp með Búðaránni er einstaklega falleg sem að gefur tengingu við núverandi safnasvæði og miðbæ Reyðarfjarðar og frekari uppbyggingu þar.
- Talverðar umræður spunnust um það hvort hentugra væri að kaupa laust húsnæði í miðbæ Reyðarfjarðar og færa safnið í miðbæinn. Í þeirri umræðu voru sjónarmiðin þau að 1000 m² húsnæði í miðbæ Reyðarfjarðar yrði til þess að efla safnið og miðbæinn. Þar var horft til þess að auðveldara væri að skapa heildstæða safnsýningu í einu stóru rými sem gæti tekið við öllum munum safnsins og haft gott rými til sýningar. Þá var einnig rætt að móttökusalur gæti gagnast fleirum en eingöngu í safninu t.d. fyrir samkomur. Kosturinn við slíka staðsetningu er m.a. aðkoma, aðgengi, lægri viðhaldskostnaður, minni rekstrar- og starfsmannakostnaður, betri ásýnd og sýnileiki, efling miðbæjar og e.t.v. lægri eða sambærilegur kostnaður samanborið við þann kostnað sem nemur uppbyggingu á núverandi safni. Starfshópurinn skilaði engri niðurstöðu varðandi þennan kost en taldi mikilvægt að kanna hann frekar.
- Telur starfshópurinn mikilvægt að haldinn verði íbúafundur þar sem almenningi gefst tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri í kjölfar áframhaldandi vinnu og þróun verkefnisins.

Pétur Sörensson
Forstöðumaður Safnastofnunar